37. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 7. gr. l. nr. 79 6. september 1974, tekur gildi þegar í stað og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 293/1975.

*Fjármálaráðuneytið, 19. janúar 1977.*

**Matthías Á. Mathiesen.**

*Jón Sigurðsson.*

Nr. 63. 20. janúar 1977.

# GJALDSKRÁ

## Rafmagnsveitna ríkisins um raforkusölu í smásölu.

### I. GJALDSKRÁRLIÐIR

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**1. Lýsing.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1.1. | Fast gjald | kr. | F1 |
| | Orkugjald | — | 63.00 á kWst. |
| 1.2. | Fast gjald | — | F1 + F2 |
| | Orkugjald | — | 34.00 á kWst. |

**2. Notkun til heimilisþarfa, búrekstrar o. fl.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.1. | Fast gjald | kr. | F1 + F2 |
| | Orkugjald | — | 16.40 á kWst. |
| | **Markmæling:** | | |
| 2.3. | Aflgjald, lágmarksstilling 4 kW | — | 86 220.00 á ári |
| | Aflgjald umfram 4 kW að hámarksaflstillingu 20 kW | — | 11 675.00 á kW á ári |
| | Orkugjald af allri notkun | — | 2.05 á kWst. |
| | Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | — | 16.40 á kWst. |

**3. Vélanotkun o. fl.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3.1. | Fast gjald | kr. | F1 + F2 |
| | Lágmarksgjald | — | 58 × F1 á ári |
| | Orkugjald | — | 34.00 á kWst. |
| 3.2. | Aflgjald, lágmark 3 kW | — | 63 345.00 á ári |
| | Aflgjald, umfram 3 kW | — | 17 085.00 á kW á ári |
| | Fast gjald | — | F1 + F3 |
| | Orkugjald | — | 6.30 á kWst. |
| 3.4. | Til súgþurrkunar á tímabilinu frá 1. júní til 31. október | | |
| | Aflgjald | — | 6 370.00 á kW á ári |
| | Fast gjald | — | F1 |
| | Orkugjald | — | 2.75 á kWst. |

### 4. Húshitun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4.1. | Fast gjald | kr. | F1 + F4 |
| | Orkugjald | — | 7.66 á kWst. |
| | Roftími allt að 1 klst. á dag. | | |
| 4.2. | Fast gjald, lágmark 2 kW | kr. | F1 + F4 |
| | Orkugjald | — | 3.26 á kWst. |
| | Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag. | | |
| | **Markmæling:** | | |
| 4.3. | Fast gjald | — | F1 |
| | Aflgjald, lágmarksstilling 5 kW | — | 24 625.00 á ári |
| | Aflgjald, umfram 5 kW að hámarksaflstillingu 20 kW | — | 4 925.00 á kW á ári |
| | Orkugjald af allri notkun | — | 1.93 á kWst. |
| | Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | — | 16.40 á kWst. |
| | Roftími allt að 2 × 1.5 klst. á dag. | | |
| 4.4. | Fast gjald, lágmark 2 kW | — | F1 + F4 |
| | Orkugjald | — | 1.70 á kWst. |
| | Roftími allt að 15 klst. að degi til. | | |

### 5. Utanhússlýsing.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5.1. | Fast gjald | kr. | F1 |
| | Fyrir hvert götuljósker | — | 6 × F1 á ári |
| | Orkugjald | — | 7.87 á kWst. |
| 5.2. | Fast gjald | — | F1 |
| | Orkugjald | — | 16.70 á kWst. |

### 6. Lokun fyrir veitu.

Gjöld fyrir lokun og enduropnun á veitu vegna vanskila eru samtals ........ kr. 3 000.00 fyrir hvert skipti.

## II. SKILAGREINAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI

### 1. Föst gjöld.

| | | | |
|---|---|---|---|
| F1 | | kr. | 493.00 á mánuði |
| F2 | a) Verslanir, skrifstofur, vinnustofur o. þ. h. | — | 18.30 á $m^2$ á mán. |
| | b) Gangar, geymslur o. þ. h. | — | 10.00 á $m^2$ á mán. |
| F3 | | — | 194.00 á gjaldeiningu á mánuði |

Gjaldeiningar eru:

a) Fyrir fjölskylduheimili. Hvert herbergi notað eða ætlað til íbúðar, en ekki gangar, baðherbergi né geymslur. Herbergi 5 ferm. eða minna reiknast hálft, en 25 ferm. eða stærra tvö.

b) Fyrir félagsheimili, skóla, gistihús, sjúkrahús o. þ. h. 20 ferm., mælt innan útveggja.

c) Fyrir útihús vegna búrekstrar. Fyrstu 50 ferm. eða minna, ein gjaldeining. Hverja næstu 100 ferm., ein gjaldeining.

d) Fyrir fiskvinnslustöðvar, iðnaðar- og iðjuhús o. þ. h. 30 ferm. fyrir vinnslurúm, 40 ferm. fyrir geymslurúm.

| | | | |
|---|---|---|---|
| F4 | Hvert uppsett kW | kr. | 903.00 á ári |

### 2. Mestaaflsmæling.

1. Aflmæling miðast við 15 mín. meðalálag.
2. Gjaldskrárliður 3.2.
   Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu álestra, en hjá fiskibræðslum, fiskimjölsverksmiðjum og til hliðstæðra nota, er gjaldskylt afl meðaltal tveggja hæstu álestra. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

### 3. Véla- og tækjaálag.

1. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi.
   Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku meðan fasviksstuðull er undir 0.8.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni. Heimilt er að taka fastagjöld af rafsuðuspennum samkvæmt F4.

### 4. Verð til hitunar.

Í gjaldskránni er verð til hitunar miðað við söluverð dieselolíu í Reykjavík til olíukyndingar kr. 20.47 hver lítri. Við hverja 10 aura útsöluverðsbreytingu, frá grunnverði reiknað á kyndingarolíu skal hitaverð lækka eða hækka hver kWst. um 4.0 aura á gjaldskrárlið 4.1., 1.7 aura á lið 4.2., 1.5 aura á lið 4.3. og 0.9 aura á lið 4.4. Einnig skal kWst.-gjald á gjaldskrárlið 2.3. lækka eða hækka um 1.0 eyri hver kWst., við sömu verðbreytingu á olíu.

### 5. Götulýsing.

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu götulýsingarkerfis samkv. ósk notanda, sem greiði stofnkostnað. Viðhald götulýsingar annast rafmagnsveiturnar á sinn kostnað.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á díselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja Rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

## III. HEIMTAUGARGJALD

Heimtaugargjald skal greitt samkvæmt sérstökum reglugerðum og gjaldskrám um heimtaugargjöld til Rafmagnsveitna ríkisins.

## IV. ANNAÐ

Söluskattur og hliðstæð gjöld 20% og 13% verðjöfnunargjald eru innifalin í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar og kWst.-gjaldi á gjaldskrárlið 2.3. Gjaldskrárverðin breytast til samræmis við söluskattsbreytingar, sem kunna að verða.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1977, samanber auglýsingu ráðuneytisins

nr. 437 30. desember 1976 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 295 30. júlí 1976.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. janúar 1977.*

F. h. r.
**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

21. janúar 1977. Nr. 64.

# SAMÞYKKT

## fyrir Veiðifélag Rangæinga.

**1. gr.**

Félagið heitir Veiðifélag Rangæinga. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

**2. gr.**

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að vatnasvæði Hólsár, Ytri-Rangár, Þverár og Eystri-Rangár, en þær eru:

Djúpárhreppur: Bali I, Bali II, Bjóla I, Bjóla II, Bjóluhjáleiga, Borgartún I, Borgartún II, Brekka, Búð I, Dísukot, Eyrartún, Hábær I, Hábær II, Hái-Rimi II, Hái-Rimi III, Hákot, Hávarðarkot, Hrafntóftir II, Hraukur, Húnakot, Jaðar, Litla-Rimakot, Melur, Miðkot, Norður-Nýibær, Oddspartur, Skarð, Skinnar, Sólbakki, Stóra-Rimakot, Suður-Nýibær, Tobbakot I, Tobbakot II, Unuhóll I, Unuhóll II, Vatnskot I, Vatnskot II, Vesturholt, Ægissíða I, Ægissíða II, Ægissíða III, Önnupartur, Hrafntóftir I.

Holtahreppur: Árbæjarhjáleiga, Árbær, Árbæjarhellir.

Landmannahreppur: Árbakki, Austvaðsholt I, Austvaðsholt II, Bjalli, Efra-Sel, Galtalækur, Holtsmúli I, Holtsmúli II, Hrólfsstaðahellir, Húsagarður, Leirubakki, Lunansholt I, Lækjarbotnar, Merkihvoll, Neðra-Sel, Réttanes, Snjallsteinshöfði, Tjörfastaðir, Vatnagarður.

Vestur-Landeyjahreppur: Eystri-Hóll, Grímsstaðir, Ytri-Hóll II, Hemla, Ytri-Hóll I.

Rangárvallahreppur: Ármót, Ártún, Bakkakot, Bolholt, Fróðholtshjáleiga, Gaddstaðir, Geldingalækur, Grafarbakki, Gröf, Gunnarsholt, Haukadalur, Heiðarbrekka, Heiði I, Heiði II, Helluvað I, Helluvað II, Helluvað III, Hjarðarbrekka, Hólar, Kaldbakur, Keldur, Ketilhúshagi, Kirkjubær, Lambhagi, Langekra, Minna-Hof, Nes, Næfurholt, Oddhóll, Oddi, Rauðnefstaðir, Reynifell, Selalækur, Selsund, Sólvellir, Stokkalækur, Stóra-Hof, Svínhagi, Varmidalur I, Varmidalur II, Vestra-Fróðholt, Vindás, Þingskálar, Þorleifsstaðir, Eystra-Fróðholt, Uxahryggur I og II.

Hvolhreppur: Akur, Árgilstaðir I, Árgilstaðir II, Bakkavöllur, Djúpidalur, Efri-Hvoll, Gata, Hjarðartún, Kotvöllur, Króktún, Lynghagi, Markaskarð, Miðtún, Móeiðarhvoll I, Móeiðarhvoll II, Móeiðarhvolshjáleiga, Stórólfshvoll, Vallarhjáleiga, Völlur I, Völlur II, Þinghóll, Dufþaksholt, Stóri-Moshvoll, Litli-Moshvoll, Langagerði, Brekkur, Uppsalir, Vestri-Garðsauki, Miðkriki, Tjaldhólar, Vindás, Giljur, Miðhús, Þórunúpur og Skeið.

Fljótshlíðarhreppur: Háimúli, Árkvörn, Eyvindarmúli, Múlakot I, Múlakot II, Hlíðarendakot, Nikulásarhús, Hlíðarendi, Hallskot, Neðri-Þverá, Deild, Gambra, Heylækur I, Heylækur II, Valstrýta, Efri-Þverá, Teigur I, Teigur II, Smáratún,